

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) í Breiðdalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 6.000 á ári
- b) Fyrirtæki. kr. 800 á hvern m³

Gjaldið miðast við magn sorps og er innheimt mánaðarlega samkvæmt reikningi. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga. Fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma sorp-
inu á móttökustað. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps getur heimilað fyrirtækjum að annast sjálf
flutning á sorpi á urðunarstað og greiði þau þá 400 kr. á hvern m³ fyrir sorpeyðingu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breyt-
ingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. febrúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 144/1994 um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar.

1. gr.

Viðauki við reglugerð þessa skal koma í stað 1. viðauka við reglugerð nr. 144/1994 um
rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og
raffanga nr. 146/1996 og byggir á tilskipun 97/53/EBE um breytingu á tilskipun 79/196/EBE.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 24. febrúar 1998.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Atli Freyr Guðmundsson.